



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

33. tölublað 4. árgangur maí 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

kvak anda  
bergmálar ekki!

## Námsmat

Í maí er gleði og gaman, í maí er námsmat grunnskólastígs þar sem safnað er saman vitneskju og hún skráð. Vikuna 11.-15. maí er áherslan á námsmat og svo fara sýnishorn heim í matsmöppu 26. maí og vitnisburður afhentur á skólaslitum 5. júní.

## Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



## Samskiptaboðorðin

**Horfa** (augnsamband)

**Heilsa** (einlægur áhugi)

**Hlusta** (veita athygli)

**Hljóma** (jálkvæður raddblær)

**Hrósa** (hvetja)

**Hjálpa** (vera til staðar)



## Kæra skólasamfélag

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn. Rétt þegar börnin voru að komast á þurrt gras að leika og krítarnar komnar út til sköpunar á stéttum, þá kom vorhret, sem setti allt aftur á kaf í snjó! Við örvæntum ekki, hér geisa ekki stríð, farsóttir né skortur almennt, við tökum maímánuði fagnandi og stefnum ótrauð á hinar ýmsu uppákomur og ferðir í skólanum okkar. Njótið vorsins og verið velkomin til okkar í skólann, sérstaklega þann 8. maí milli 12-13:30 á opið hús. Gleðilegt sumar og munið eftir smáfuglum!

Kveðja frá skólastjórnendum,

Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.



## GSM símar í skólanum-breyting

Gemsar geta verið frábær tæki til upplýsingaöflunar og sem hjálpartæki í námi t.d. vasareiknir og leitarvél. Hins vegar geta þeir verið afar truflandi og ært óstöðugan. Um gsm og önnur raftæki gilda skýrar reglur sem hafa verið uppfærðar vegna fjölda atvika sem hafa leitt til röskunar á skólastarfi og samskiptum nemenda og starfsfólks.

Skólareglu g) hefur verið breytt og yfirstrikaða línan gerð ógild: *Við geymum síma og önnur raftæki heima eða í tösku og notum þau ekki nema með leyfi (slík tæki má nota í frímínútum en þau eru alltaf á ábyrgð eiganda).* Mynd- og hljóðupptökur eru óheimil nema með leyfi starfsfólks.

Tækin eru ávallt á ábyrgð foreldra/eiganda.

Uppfærðar skólareglur má lesa [hér á heimasíðu](#)



## Sveitaferð Kötlukots

Sveitaferð Kötlukots verður farin núna í maí. Ekki er búið að ákveða endanlega tímasetningu en það verður gert þegar að lömbum fer að fjölga. Við förum eins og áður á Hámundarstaði til Ellu okkar og ætlar Snorri að bjóða okkur velkomin.




## Merki skólans

Gleðitíðindi þetta vorið eru þau að merki skólans er tilbúið. Nemendur unnu hluta þess og grafískir hönnuðir, Karen og Jón Ingi, kláruðu það og settu saman. Í merkinu eru börn, vatn, gróður, fiðrildi, sól og gleði:) til hamingju við öll.



## Litahegðun-upprifjun heima

Flestir eru **græni karlinn** eða vilja vera hann. Sumir þurfa aðstoð við að vera sá græni og tilvalið að æfa sig heima enda best fyrir mann sjálfan þegar manni líður vel. Allt er vænt sem...



### Rauður

Vill ráða  
Lemur  
Meiðir  
Segir ljótt  
Er æstur

**Líður illa**

### Gulur

Vill ráða  
Truflar  
Stríðir  
Segir ljótt

**Líður illa**

### Grár

Er leiður  
Lætur aðra  
krakka ráða  
yfir sér  
Fýlu-stjórnar

**Líður  
frekar illa**

### Grænn

Hlustar  
Hjálpar  
Er glaður

**Líður vel**

## Grænfáni

Nú er búið að stofna nýja Grænfánanefnd sem tekin er til starfa. Í henni sitja Hafrún Mist, Lárus Ingi, Björn Þórir, Magnea Ósk, Andrea Ýr, Jóna og Ella ásamt Freydísi Ingu foreldri. Nefndin hittist og ræddi næstu skref en þau eru meðal annars að yfirfara merkingar, vinna að matjurtargarði þegar hann kemur undan snjó og hvernig heppilegast sé að koma upplýsingum til allra nemenda skólans. Allar góðar hugmyndir eru vel þagnar og má endilega kom þeim á einhvern í nefndinni og síðan verður það tekið fyrir á fundi.



## Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2014-2015](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**Á**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**ðing



# Viðburðadagatal maí 2015

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

				1 <b>LOKAÐ</b> Verkalýðs- dagurinn 	2	3
4	5	6 Áróra Ída 3 ára 	7	8 <b>Opið hús</b> 12:00-13:30 gaman saman 	9	10
11 Félagsmiðstöð 1.-4. bekkur	12	13	14 <b>LOKAÐ</b> Uppstigningars- dagur	15	16 Elsa 7 ára 	17
18	19	20	21 Dagsferð 1.-4. bekkur og 2009 árgangur  Skólaferðalag 5.-7. bekkur	22   Skólaferðalag 5.-7. bekkur	23	24 <b>Hvítasunna</b>
25 <b>LOKAÐ</b> Annar í hvítasunnu	26 Matsmöppur	27	28 <b>Vorhátíð</b> -gleði og glens -hjólbraut -ruslatínsla -leikir Alls konar	29	30	31